


## Leiðbeiningar - Topplistar útlána (nýj Gegnir frá júní 2022)

Landskerfi bókasafna – 18.07.2023

Topplistar útlána eru listar yfir vinsælustu eða mest lánuðu titlana í aðildarsöfnum Gegnis og fyrir Gegni sem heild. Það sama á við topplistana og árslokatalfræðina að listarnir frá opnun nýja Gegnis (júní 2022) eru aðgengilegir í Gegni undir Greining / Analytics. Aðeins eru talin útlán út úr húsi en innanhússnotkun og rafrænt efni telst ekki með. Eldri topplistar eru enn aðgengilegir á vef Landskerfis bókasafna.

### Virkja nýja útlitið í Gegni

Til að skoða topplista útlána þarf fyrst að virkja nýtt útlit fyrir skýrslur í Gegni. Þetta nýja útlit verður svo sjálfkrafa virkt fyrir alla eftir 6. ágúst 2023. Athugið að hjá sumum virðist vanta íslensku þýðinguna og í valmyndinni stendur



„Feature Rollout Preferences“ en ekki „Grunnstilling fyrir útgáfu á eiginleika“ eins og stendur í leiðbeiningunum.



Sjá leiðbeiningar:

[https://landskerfi.is/sites/default/files/public/ad\\_nota\\_nyja\\_vidmotid\\_fyrir\\_gr\\_einingu\\_analytics\\_1.pdf](https://landskerfi.is/sites/default/files/public/ad_nota_nyja_vidmotid_fyrir_gr_einingu_analytics_1.pdf)

Að skoða gögn í nýja Gegni

Til þess að skoða topplistana í nýja Gegni þarf að smella á „Greining“ (Analytics). Sjá einnig stutt myndband:

<https://www.youtube.com/watch?v=5nUW9XMST5c>



Til að finna topplistana þarf að byrja að slá inn „topplistar“ í leitargluggann, sjá mynd. Hlekkurinn „Shared With Me“ á líka að opna nýja síðu með öllum skýrslum sem þú hefur aðgang að, þar með talið topplistana.

< Deilt með mér (1 - 8 af 8)

Heiti  Raða eftir: Heiti  Tegund: Allt  Uppr

1 Eintakslausar forðafærslur Tegund Report	Greiningarmappa Almenningsbókasöfn 354ILC_ALM/Reports/landskerfi Atriði búið til af Helgi Sigurvin Steindal þann 28/05/2022 Atriði breytt af Helgi Sigurvin Steindal þann 28/05/2022	Pin to Analytics Menu
2 Sektir og gjöld Tegund Report	Greiningarmappa Almenningsbókasöfn 354ILC_ALM/landskerfi/ymsar_skyrslur Atriði búið til af Helgi Sigurvin Steindal þann 12/04/2023 Atriði breytt af Helgi Sigurvin Steindal þann 12/04/2023	Pin to Analytics Menu
3 Söfn og safnakóðar Tegund Report Efnisflokkar Physical Items	Greiningarmappa Almenningsbókasöfn 354ILC_ALM/landskerfi Atriði búið til af Helgi Sigurvin Steindal þann 21/03/2023 Atriði breytt af Helgi Sigurvin Steindal þann 21/03/2023 Bætt við sem græju	Pin to Analytics Menu
4 Topplistar Tegund Dashboard Efnisflokkar Fulfillment	Greiningarmappa Gegnir 354ILC_NETWORK/landskerfi/topplistar Atriði búið til af Helgi Sigurvin Steindal þann 29/06/2023	Pin to Analytics Menu

Hægt að smella hér til að setja topplistana í "eftirlæti"

Athugið að stundum kemur Oracle gluggi upp og þá er best að skrá sig út úr nýja Gegni og inn aftur.

## Tvær grunnskýrslur

Það eru tvær grunnskýrslur, annars vegar listar eftir efnistegund og hins vegar eftir markhóp.



Topplistarnir eru lifandi eins og önnur tölfræði í Gegni. Til að mynda er hægt að sjá topplista fyrir júlímánuð þótt hann sé ekki búinn.

Þegar smelt er á „Topplistar“ opnast nýr gluggi. Fyrst kemur skýringargluggi og síðan valgluggi. Athugið að listarnir opnast á „Eftir efnistegund“.

## Leiðbeiningar – eftir efnistegund

**Veljið viðeigandi gildi**  

\* Safn (hægt að velja mörg) Amtsbókasafnið á ▼

\* Efnistegund (hægt að velja margar) Book ▼

\* Útlánsár 2023 ▼

\* Mánuðir (hægt að velja margna)  (All Column Values)  NULL  1  2  3  4

\* Lengd lista 10 ▼

Velja þarf gildi fyrir hvern felliglugga. Nauðsynlegt er að setja inn útlánsár til að listarnir keyrist. Varðandi hina valmöguleikana er hægt að velja sjálfgildið (All Column Values) og þá fást upplýsingar um vinsælustu titlana í safnakjarnanum. Ekki er mögulegt að sjá topplista yfir Gegni sem heild.

(All Column Value:▼

- (All Column Values)
- Amtsbókasafnið Stykkishólmi
- Amtsbókasafnið á Akureyri
- Amtsbókasafnið á Akureyri(les)
- Borgarbókasafnið Gerðubergi
- Borgarbókasafnið Gevmsla

Search...

Til að velja ákveðið gildi eins og t.d. safnið þitt þá þarf að taka hakið úr (All Column Values) og velja einstök söfn, efnistegund, mánuði eða lengd lista. Athugið að hægt er að velja eitt eða fleiri gildi.

**Veljið viðeigandi gildi**  

\* Safn (hægt að velja mörg) (All Column Value:▼

\* Efnistegund (hægt að velja margar) Book ▼

\* Útlánsár 2023 ▼

\* Mánuðir (hægt að velja margna)  (All Column Values)

\* Lengd lista 10 ▼

**Apply** **Reset** ▼

Þegar búið er að velja það sem á að skoða er smeltt á Apply, sjá lista.

Topplistar fyrir bækur í safnakjarnanum Almenningsbókasöfn árið 2023

## (All Column Values)

2023, (All Column Values)

Sæti	Fjöldi útlána	Efnistegund	Titill
1	1,524	Book	Reykjavík : glæpasaga / Katrín Jakobsdóttir, Ragnar Jónasson
2	1,331	Book	Kyrrþey / Arnaldur Indriðason.
3	1,329	Book	One piece / story and art by Eiichiro Oda ; English adaptation by Lance
4	1,261	Book	Strákar sem meiða / Eva Björg Ægisdóttir
5	1,221	Book	Játning / Ólafur Jóhann Ólafsson
6	1,204	Book	Gættu þinna handa / Yrsa Sigurðardóttir.
7	1,160	Book	Saknaðarilmur / Elísabet Jökulsdóttir
8	1,064	Book	Drepsvart hraun / Lilja Sigurðardóttir
9	1,025	Book	Kannski í þetta sinn / Jill Mansell ; Snjólaug Bragadóttir þýddi
10	984	Book	Eden / Auður Ava Ólafsdóttir

### Markhópur

Topplistarnir fyrir markhóp byggja á kóðun í 008 stýrisviðinu í bókfræðifærslunni. Kóðarnir eru einungis notaðir fyrir bækur, kvikmyndir og tónlist. Hægt er að velja einn eða fleiri hópa.

### Velja fyrst í glugganum hér að ofan og smella á Apply

Til að skoða topplista eftir markhóp þarf fyrst að velja viðeigandi reiti hér að ofan og smella svo á **Apply**. Þegar það er búið er svo hægt að velja **bækur, kvikmyndir og tónlist** og því þarf að hafa eina af þessum efnistegundum valda til að fá merkingarbærar niðurstöður.

Markhópur efnis --Select Value-- ▼

OK Reset ▼


annað  
 barnaefni  
 fullorðinsefni  
 kennsluefni framhaldsskóla  
 kennsluefni grunnskóla  
 smábarnaefni  
Search...  
fullorðinsefni ▼  
OK Reset ▼

## Að vista skýrslur

Það er hægt að vista topplistan sem Excelskjál. Neðst á skjánum, fyrir neðan listann, er hægt að velja að prenta eða „Export.“ Flestum þykir betra að vinna með Excel skjöl sem eru vistuð með því að velja „Data“ og „Export.“

[Return](#) - [Refresh](#) - [Print](#) - [Export](#) - [Create Bookmark Link](#)

Þegar „Export“ er valið birtist þessi gluggi og velja síðan Excel í felliglugganum:



Velja „Return“ til að fara aftur á forsíðu fyrir topplista.